

Íslandsmót Kæna 2017
10.-13. ágúst
Siglingaklúbburinn Þytur - Hafnarfjörður
Kappsiglingafyrirmæli

1. Reglur

Keppt verður samkvæmt:

- a. Alþjóða Kappsiglingareglunum 2017-2020 (RRS)
- b. Kappsiglingafyrirmælum SÍL
- c. Kappsiglingafyrirmælum mótsins.

2. Tilkynningar til keppenda

Tilkynningar til keppenda verða birtar á tilkynningatöflu mótsstjórnar. Taflan er á neðri hæð í húsnæði Þyts við inngang. Og á heimasíðu Þyts, sailing.is.

3. Dagskrá Keppnisdaga

10. Ágúst:

Aðstaðan opnar kl. 16.

Greiðsla og afhending kappsiglingafyrirmæla kl. 16:00 til 20:00

11. Ágúst:

Skipstjórafundur kl. 15

Viðvörðunarkerki fyrir fyrstu keppni kl. 16:30

Ekki verður ræst eftir kl. 18:30

Stefnt er að 1-3 umferðum

12. Ágúst:

Skipstjórafundur kl. 9

Viðvörðunarkerki fyrir fyrstu keppni kl. 10:30

Ekki verður ræst eftir kl. 17

Stefnt er að 4-7 umferðum

Keppendur fá mat í poka út í bát. (innifalið)

Grillveisla kl. 19 í aðstöðu Þyts

verðlaunaafhending kl. 19 ef varadagur verður ekki notaður.

13. Ágúst:

Sunnudagur til vara

Ef nota þarf sunnudag þá er dagskrá eftirfarandi

Skipstjórafundur kl. 10

Viðvörðunarkerki fyrir fyrstu keppni kl. 11:30

Ekki verður ræst eftir kl. 16

Verðlaunaafhending um leið og úrslit verða ljós að lokinni síðustu umferð mótsins.

4. Merkjaflögg

Verða kynnt á skipstjórafundum

5. Keppnissvæði

Kept verður í og fyrir utan hafnarfjarðarhöfn í hraunavík. Sjá viðauka 1
Skipstjórafundur fer fram í bátasal Þyts á jarðhæð - Strandgötu 88.

6. Keppnisbrautir

Teikningar á upplýsingatöflu sýna brautir, röð sem fara skal fyrir merki og hvoru megin skuli fara við þau. Þær sýna ekki hlutföll vegalengda milli merkja.

7. Merki/baujur

Baujur verða appelsínugular og/eða gular.

8. Ræsing

- a. Keppnin verður ræst samkvæmt reglu 26 með viðvörðunarkerki 5 mínútum fyrir rásmerki
- b. Ráslínan verður milli keppnisstjórabáts (mastur) og gulrar bauju
- c. Bátar sem ekki hafa fengið viðvörðunarkerki skulu forðast rássvæðið
- d. Optimist flokkar eru ræstir á undan öðrum flokkum. Viðvörðunarkerki annara flokka verður gefið 1 mínútu eftir rásmerki optimist flokks.

9. Endamark

Marklína verður milli keppnisstjórabáts (mastur) og gulrar bauju

- a. Bátar sem hafa lokið keppni skulu forðast marksvæðið

10. Tímamörk

Bátur sem ekki hefur farið yfir marklín 25 mínútum eftir að fyrsti bátur kemur í mark í viðkomandi flokki telst ekki hafa lokið keppni (DNF) án kærumeðferðar. Þetta breytir reglu 35, A4 og A5.

11. Kærur og beiðnir um leiðréttingar

Frestur til að kæra eða biðja um leiðréttingar verður 90 mínútum eftir að síðasti bátur hefur klárað keppni. Þetta breytir reglum 61,3 og 62,2.

12. Stigagjöf

- a. Stigagjöf verður samkvæmt lágstigakerfi í viðauka A (RRS)

b. Ef kepptar verða þrjár eða færri umferðir, reiknast allar til stiga, annars kastar hver keppandi sinni lökustu keppni.

13. Aðstoðarbátar

Aðstoðar-, öryggis- og þjálfarabátar skulu halda sér utan keppnisbrautar meðan keppni fer fram. Þó má aðstoða keppendur í neyð, keppandi sem hefur þegið aðstoð telst ekki hafa lokið umferð sem hann fékk aðstoð í.

14. Öryggisreglur

Bátur sem hættir keppni skal láta keppnisstjórn vita um leið og hægt er. Bátar sem fara í land verða að vera í fylgd með öryggisbát vegna skipaumferða í höfninni.

15. Verðlaun

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin í hverjum flokki.

16. Samskipti

Bátar skulu ekki hafa samskipti með farsíma eða talstöð sem ekki eru aðgengileg öllum meðan þeir keppa nema í neyðartilvikum. Keppnisstjórn notar rás 71 til samskipta.

17. Ábyrgð

Allir sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 4 (RSS), ákvörðun um að keppa. Keppnisstjórn ásamt öllum þeim sem taka þátt í framkvæmd mótsins firra sig allri ábyrgð vegna skemmda, líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við, fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur.

Viðauki 1

Siglingasvæðið

